

Fundargerð 3.fundar Skólaráðs Lágafellsskóla skólaárið 2023-2024

6.6.2024 kl. 16:30

Mættir: Petra Eiríksdóttir, Anna Sigga Lúðvíksdóttir, Steinunn Þorkelsdóttir, Erla Björnsdóttir, Sara María Ingólfssdóttir, Sigurður Orri Óskarsson og Lísía Greipsson.

Dagskrá

1. Breytingar á stundatöflum í unglingadeild
 2. Lesfimiðurstöður
 3. Skólapúlsinn – foreldrakönnun
 4. Breytingar á skóladagatali
-
1. Búið er að ákveða að seinka byrjun dags í unglingadeild og mæting nemenda verði 8:30, teknar verða út frímínútur á milli kennslustunda, 4 daga í viku byrja nemendur 20 mínútur í umsjónartíma en á þriðjudögum fara nemendur í íþróttir á Varmárvæðið og þann dag er mæting 8:10.
 2. Lesfimiárangur – farið yfir niðurstöður, Lágafellsskóli að standa sig vel þó gera megi betur. Lágafellsskóli er yfir landsmeðaltali í öllum árgöngum sem er mjög jákvætt. Alltaf er þó vilji til að fækka þeim sem ekki ná lægstu viðmiðum og reyna að finna leiðir til að fleiri nemendur nái efstu viðmiðum.
 3. Niðurstöður Skólapúlsins – farið yfir og rætt. Niðurstöður sendar á fræðslunefnd og unnin umbótaáætlun. Helstu tækifæri til umbóta liggja í samstarfi við foreldra og með hvaða hætti foreldrar geti upplifað meiri áhrif á skólastarfið, samskiptum nemenda og kennara og líðan nemenda. Foreldrar virtust ekki nógu ánægðir með nemendastýrð foreldraviðtöl og því ástæða til að kynna það betur og upplýsa hvers vegna sú leið er valin.
 4. Breytingar á skóladagatali, óskað var eftir flutning á einum starfsdegi í samstarfi við Helgafellsskóla. Um er að ræða starfsdag í apríl sem færður var fram í október. Þetta var gert til að starfsfólk skólanna geti farið í námsferð og skólaheimsóknir erlendis. Þetta var samþykkt í skólaráði og sent fræðslunefnd til staðfestingar.

Önnur mál:

- Frá foreldrafélagi – hvernig er hægt að bæta aðstæður í klefunum í íþróttahúsinu? Áhyggjur af því hvernig nemendum líður í þessum aðstæðum. Eru einhverjar lausnir? Of margir að koma og fara á sömu tímum. Hvernig er hægt að draga úr fjölda nemenda í þessum klefum? Sömuleiðis er mikið álag á starfsfólki íþróttahússins sem eiga mjög erfitt með að stýra aðstæðum í klefunum.
- Heimasíða og upplýsingar – setja meira inn og fyrr! Getum klárlega gert betur. Hugmynd að sameiginlegum dagatölum þar sem settir eru inn viðburðir.
- Mentor? Væri meira gaman að setja það sem er jákvætt t.d. hvað er á döfinni og hvað hefur verið gert.
- Umræða um matsalinn – ath með skömmtun og heimsókn í Ölduselsskóla en þar skammta nemendur sér sjálfir.

Fundi slitið 17:55.